

Nd.

194. Frumvarp til laga

um virkjun Fossár í Ólafsvíkurreppi í Snæfellsnessýslu.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Ólafsvíkurreppi og Neshreppi utan Nennis í Snæfellsnessýslu skal heimilt að reisa og reka raforkustöð við Fossá á Snæfellsnesi, til þess að vinna úr henni raforku til almenningsþarfa, og leggja háspennutaugar til Ólafsvíkur og Hellissands og þeirra staða annarra, er ákveðið kann að verða að leiða raforku til frá Fossá, svo og að gera afspennistöðvar og þau mannvirki önnur, er með þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu, skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja, að dómi sérfræðinga, vegna almenningshagsmuna.

3. gr.

Þegar Ólafsvíkur- og Neshreppur hafa reist raforkustöð við Fossá og tekið hana í notkun, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Raforkustöðin við Fossá selur rafmagn til Ólafsvíkur og Hellissands. Þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda í Ólafsvík og Neshreppi á hverjum tíma, er raforkustöðinni skylt að láta í té öðrum byggðarlögum til almenningsnota frá stöðvarvegg í orkuverinu og frá spennistöðvum á háspennulínunum frá Fossá til Hellissands, við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem greitt er fyrir raforkuna í Ólafsvík og Hellissandi, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

5. gr.

Nú óska nærliggjandi sveitir að fá meira rafmagn en unnt er að láta þeim í té af þeirri orku, er við fyrstu virkjun fæst, og er hreppsnefndum Ólafsvíkur og Neshrepps þá heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að auka virkjunina.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 1700000 króna lán fyrir Ólafsvíkurrepp og Neshrepp til rafvirkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afspennistöðvar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kauptúnin Ólafsvík og Hellissand á Snæfellsnesi vantar algerlega raforku til almenningsnota. Við rannsókn, sem fór fram fyrir rúmum tveim árum á Fossá nálægt Ólafsvík, kom í ljós, að fallvatn þetta er mjög hentugt til rafvirkjunar og staðhættir afar góðir. Var í fyrstu ætlað að vinna 700 hestöfl úr ánni, en síðan var sú áætlun hækkuð í 1000 hestöfl. Sú virkjun mundi samkv. nýrri áætlun kosta 1½

milljón króna, orkuverið sjálf með háspennulínunum; verða það um 1500 kr. á hestafl, sem verður að teljast hagstætt eftir núverandi verðlagi. Íbúar Sands, Ólafsvíkur og Fróðárhrepps eru um 1000 að tölu, og mundi þessi virkjun fullnægja þörfum þeirra og hinna tveggja hraðfrystihúsa, sem þar eru nú upp risin. En Fossá felur í sér mikla framtíðarmöguleika, þar sem talið er, að vinna megi úr henni 2000 hestöfl. Lágspennukerfið er áætlað að kosti um 200 þús. kr.

Nákvæmar áætlanir liggja nú fyrir um virkjun þessa. Á síðastliðnu vori, í maí 1942, var útboð gert um virkjun Fossár. Hafa borizt nokkur tilboð, en tími ekki unnizt til þess enn þá að vinna úr þeim.

Með frumv. þessu er farið fram á heimild til handa Ólafsvík og Neshreppi til að ráðast í virkjun Fossár, og enn fremur að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán í þessu skyni, allt að einni milljón og 700 þús. krónum. Á sínum tíma verður svo væntanlega sótt um styrk úr raforkusjóði, sem stofnaður var með lögum frá síðasta þingi.